



Varðar: Stardalur, landskipti

Lögð fram fyrirspurn Baldvins Ómars Magnússonar, dags. 24. mars 2023, um að búa til nýja landskika úr jörðinni Stardal á Kjalarnesi. Einnig er lagt fram bréf Mannvits, dags. 12. janúar 2022, Grunnmyndir og hnitaskrár, dags. 6. desember 2021 og 29. nóvember 2022 og yfirlitsmynd, dags. 7. mars 2023.

Umsögn

Fyrirspurnin varðar landskipti úr jörðinni Stardalur L125755. Útskiptir hlutar verða annars vegar Kýrhólsflói, 300 ha að stærð, og Stóri-Bugðuflóa hins vegar, 107,5 ha að stærð.

Í yfirlýsingu, landamerkjalyásingu, sem fylgdi fyrirspurninni kemur fram að landamerki fyrir jörðina Kýrhólsflóa hafa verið hnitsett í samræmi við fyrirmæli, ákvörðun og samkomulagi eigenda þeirra og aðliggjandi jarða. Þar kemur enn fremur fram að Kýrhólsflói var áður hluti af landi Stardals við Þingvallarveg.

Í uppdrætti Mannvits dags. 6.12.2021 sem einnig fylgdi fyrirspurninni er lýst sameiginlegum skilningi og ákvörðun um legu landamerkjanna á milli núverandi landeiganda þeirra nágrannajarða sem hnitsetningin nær til. Þar er áréttað að ef upp kemur misræmi á milli þeirrar yfirlýsingar með hnitsettum uppdrætti og eldri lýsinga eða uppdráttá þá gildir nýja yfirlýsing og nýi hnitsetti uppdráttur um stærðir og mörk á milli jarðanna.

Austurmörk þessara tveggja útskiptu hluta markast af ánni Bugðu.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.

